

<b>Dags. fundar:</b> 26. október 2015.	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 55
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson.	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Bókun á fundi SSÍ.
2. Verkefni erlendis.
3. Sundskóli FINA.
4. ÍM25.
5. Önnur mál
  - a. AMÍ-nefnd.
  - b. Gögn á heimasíðu SSÍ.

**Viðstaddir:** Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Jón Hjaltason Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir.

**Boðuð forföll:** Hilmar Th. Björgvinsson og Elsa María Guðmundsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Í síðustu fundargerð stjórnar SSÍ 14. október er undir lið 13, önnur mál a, gerð athugasemd við dómaraalista 2015-2016 þar sem það vantar nöfn einhverra nema inn á hann og einnig vanti nöfn stjórnarmanna SSÍ á listann. Dómaranefnd vill benda á að listinn er **eingöngu** ætlaður dómurum ekki stjórnarmönnum en sjálfsagt sé að senda stjórnarmönnum tölvupósta ef um er að ræða mót þar sem stjórnarmenn eru hluti af starfsmönnum mótsins. Séu stjórnarmenn í starfsstöðum á SSÍ mótum fara nöfn þeirra inn á það starfsmannaskjal sem notað er en hingað til hefur verið haldið utan um störf stjórnarmanna af skrifstofu SSÍ, ekki dómaranefnd. Á dómaranefndin að fara að halda utan um hvaða stjórnarmenn SSÍ vinna á SSÍ og alþjóðlegum mótum? Hvað varðar að nöfn einhverra nema vanti á listann þyrfti nefndin að fá uppgefin þau nöfn til að getað yfirfarið listann.
2. Viktoría Gísladóttir, Breiðabliki, er á leið á LEN Seminar á Kýpur um næstu helgi, (30. október – 1. nóvember). Jón Hjaltason, KR, verður dómari á EM25 sem haldið verður í Ísrael 2.-6. desember 2015.
3. Spurning til SSÍ: Var sótt um sunddómaraskóla til FINA?
4. ÍM25 verður haldið í Ásvallalaug í Hafnarfirði 13. – 15. nóvember n.k. Viktoría Gísladóttir, Breiðabliki, mun halda þar fyrirlestur/endurmenntun fyrir dómara sem verður auglýst þegar nær dregur. Gert er ráð fyrir að dómaraþolir verði til úthlutunar á því móti til nýrra dómara en það sem af er sundárs hafa þrjú dómarnámskeið verið haldin auk þess að namar frá öðrum námskeiðum hafa sumir hverjir ekki ennþá fengið boli. Send verður út beiðni um dómara til að starfa á mótinu um leið og tímaáætlun o.fl., liggur fyrir.

5. a. AMÍ nefndin er að ljúka störfum sínum og mun skila skýrslu sinni til stjórnar SSÍ fyrir mánaðamótin október-nóvember.

b. Jón Hjaltason og Sigurður Óli Guðmundsson eru enn að skoða hvaða gögn eiga best heima á vefsíðu SSÍ og varða dómaramál. Enþá eru skjöl þar sem eiga ekki við lengur, eru röng og einnig vantar nokkrar fundargerðir nefndarinnar. Nafni nefndarinnar hefur heldur ekki verið breytt á vefsíðunni í núverandi nafn sem er Dómaranefnd.

**Fylgiskjöl:** Engin

**Fundi slitið** kl: 18.30.

**Næsti fundur:** mánudaginn 30. nóvember, kl. 17.15 í Laugardalslaug.